

FJÁRMÁLARÁÐHERRA F. H. RÍKISSJÓÐS
OG
LANDSSAMBAND SLÖKKVILÐS- OG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA
GERA MEÐ SÉR EFTIRFARANDI

SAMKOMULAG

UM LAUN OG STARFSKJÖR HLUTASTARFANDI SJÚKRAFLUTNINGAMANNA
Í ÞJÓNUSTU HEILBRIGÐISSTOFNANA RÍKISINS

GILDISTÍMI FRÁ 1. MAÍ 2011 TIL 31. MARS 2014

1. Föst þóknun

- 1.1 Fyrir þá kvöð sem hvílir á sjúkraflutningamönnum að þurfa ávallt að vera viðbúnir að sinna verkefnum, skulu þeir fá sérstaka þóknun er greiðist eftir á með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.
- 1.2 Þóknunin greiðist mánaðarlega alla mánuði ársins án orlofs og reiknast fyrir hvern mann sem ráðinn er til fullrar bakvaktar með orlofstöku. Fyrir hluta tímans eða hluta bakvaktar greiðist hlutfallslega

Þóknun þessi skal vera 83% af launaflokki 139 í 3. þrepi í samningi fjármálaráðherra og LSS frá 8. desember 2011, frá 1. júní 2011 fram til 30. nóvember 2011. Frá 1. desember 2011 taka þessi viðmið hliðstæðum breytingum og kjarasamningur fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi. Við þær breytingar eru aðilar ásáttir um að leggja sérstaka áherslu á menntun og starfsreynslu í samkomulagi um útfærslu.
- 1.3 Hafi sjúkraflutningamaður verið 10 ár við sjúkraflutninga að meira eða minna leyti greiðist þó skv. 4. þrepi. Eftir 15 ár breytist viðmiðið í lfl. 140 4. þrep. Sama gildi um grein 2.1. Þessi grein getur tekið breytingum frá 1. desember 2011 sbr. 2. mgr. gr. 1.2.

2. Greiðslur fyrir útköll

- 2.1 Fyrir hvert útkall skal greitt að lágmarki 4 klst. skv. yfirvinnukaupi. Greitt skal skv. yfirvinnukaupi í launaflokki 139 í 3. þrepi.

3. Skyldur og sérstök ábyrgð

- 3.1 Sjúkraflutningamönnum er skylt að annast um búnað og mæta á æfingar eftir nánari ákvörðun viðkomandi heilbrigðisyfirvalda.
- 3.2 Sé sjúkraflutningamanni falin sérstök ábyrgð, svo sem umsjón með mönnun og/eða bifreiðar eða öðrum slíkum sérverkefnum umfram aðra starfsmenn er stofnun skylt að semja sérstaklega við þá starfsmenn um hærri viðmiðunarlaunaflokk eða aðra þóknun.

4. Orlof

- 4.1 Um lengd orlofs og hlutfall orlofs á yfirvinnu fer skv. nógildandi kjarasamningi LSS og fjármálaráðherra fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi.

Greiða skal í orlofssjóð Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna með sama hætti og skv. kjarasamningi LSS og fjármálaráðherra fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi.

5. Ferðir og gisting

- 5.1 Um ferðir og gistingu gilda almenn ákvæði kjarasamningi LSS og fjármálaráðherra fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi.

6. Aðbúnaður og hollustuhættir

- 6.1 Sjúkraflutningamönnum skal sköpuð aðstaða til að stunda líkamsrækt, til þjálfunar og viðhalds líkamlegu þreki sínu, þeim að kostnaðarlausu. Stofnanir skulu líta til almennra ákvæða heilsufarsstefnu sinnar hvað varðar þessa starfsmenn líkt og annarra.

7. Tryggingar

- 7.1 Tryggingar sjúkraflutningamanna skulu vera þær sömu og í kjarasamningi LSS og fjármálaráðherra fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi, þ.m.t. fjárhæðir að uppfærðum vísitölum, með þeirri takmörkun þó að tryggingar gilda aðeins fyrir þann tíma sem sjúkraflutningar eða þjálfun standa yfir ásamt ferðatímanum til og frá áðurnefndum störfum. Í vinnuslysatilvikum skal sjúkraflutningamaður njóta réttar til launa sem hann væri ráðinn í fullt starf í launaflokki sem hann fær greidd laun.

8. Verkfæri og vinnuföt

- 8.1 Sjúkraflutningamönnum skal séð fyrir vinnufatnaði eftir þörfum þeim að kostnaðarlausu í samræmi við kröfur starfsins, sbr. ákvæði kjarasamnings LSS og fjármálaráðherra fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi.

- 8.2 Boðtæki hvers konar sem reynast kunna nauðsynleg, þ.m.t. farsímar skulu lögð til af vinnuveitanda og hann standa straum af rekstri þeirra í þessum tilgangi.

9. Skriflegir ráðningarsamningar

- 9.1 Gera skal skriflega ráðningarsamninga við sjúkraflutningamenn.

10. Endur- og símenntun

- 10.1 Sjúkraflutningamenn skulu eiga kost á að sækja endurmenntunar- og framhaldsnámskeið sér að kostnaðarlausu eftir því sem við verður komið. Með því er einnig átt við að viðkomandi stofnun greiði sjúkraflutningamanni laun sem þeir væru ráðnir í fullt starf á meðan fjarvistir frá vinnu vara.
- 10.2 Greiða skal í starfsmenntunarsjóð Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna með sama hætti og skv. kjarasamningi LSS og fjármálaráðherra fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi. Sama á við um Starfsendurhæfingarsjóð.

11. Launabreytingar á samningstímanum og gildistími

- 11.1 Enginn skal skv. samningi þessum lækka í launum á meðan núgildandi ráðning varir.
- 11.2 Samningur þessi gildir frá 1.maí 2011 til 31. mars 2014 og fellur þá úr gildi án frekari uppsagnar. Komi til uppsagnar kjarasamnings Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og fjármálaráðherra á tímabilinu fer eins um þennan samning.
- 11.3 Samningur þessi á ekki við sé starfsmanni heilbrigðisstofnunar falið að sinna sjúkraflutningum jafnframt öðru starfi, sé það starf talið aðalstarf.
- 11.4 Um kjör þeirra að öðru leyti fer skv. kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og fjármálaráðherra eftir því sem við getur átt.

Reykjavík, 8. desember 2011

F.h. fjármálaráðherra

*Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)
Pétur Jónasson (sign.)*

f.h. Landssambands slökkviliðs-
og sjúkraflutningamanna

*Sverrir Björn Björnsson (sign.)
Valdimar Leó Friðriksson (sign.)
Gunnar Baldursson (sign.)
Einar Örn Arnarsson (sign.)
Kristján Ingi Vignisson (sign.)
Sveinbjörn Berentsson (sign.)*